



Fjölbreyttaskóli Snæfellinga

# **Fjölbreytt námsframboð Fjarmentaskólans**

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2015

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

**Nafn skóla:** Fjölbrautaskóli Snæfellinga

**Heiti verkefnis:** Fjölbreytt námsframboð Fjarmentaskólans

**Verkefnastjóri:** Jón Eggert Bragason, skólameistari FSN

**Samningur númer:** UMS - 190

## Markmið verkefnisins

Að tryggja fjölbreytt námsframboð í fámennum skólum í dreifbýli. Þróa samstarf um kennslu milli skólanna þar sem tveir eða fleiri úr tveimur eða fleiri skólum koma að kennslu sama áfangans. Mæta fleiri nemendum með námi við hæfi bæði í verknámi og bóknámi. Tryggja að kennsla sé í höndum réttindakennara. Auka nýtingu í námshópum. Nýta sérþekkingu kennara milli skóla. Samstarf um kennslu námsáfanga. Samstarfssamningur þar sem kennslu áfanga er dreift á fleiri en einn kennara. Auka virka og markvissa notkun upplýsingatækni í skólastarfi.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Kannanir voru lagðar fyrir hóp kennara úr öllum samstarfsskólunum. Þessar kannanir gengu m.a. út á að fá viðbrögð við hugmyndum um ólíkt kennslufyrirkomulag og kanna vilja til enn frekara samstarfs milli skólanna sem mynda Fjarmentaskólann. Kennurum var gefinn kostur á að koma með ábendingar sem unnið var með í framhaldinu. Með þessu opnaðist á samtalið um fjölbreyttara námsframboð, kennsluhætti og nánara samstarf kennara. Mannauður þessara skóla er kjarni Fjarmentaskólans. Kennarar Fjarmentaskólans búa yfir fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem þeir eru tilbúnir að deila. Með því efla þeir samstarfið milli skólanna og auka um leið þjónustu við nemendur og gæði kennslunnar.

Niðurstöður beggja kannana voru kynntar og ræddar á málþingi og vinnustofum um starfsnám á landsbyggðinni sem haldið var í Borgarnesi 19. mars 2015. Sérstök áhersla var lögð á að kynna mismunandi leiðir til kennslu til að auðvelda samstarf skólanna. Verða tveimur af sex leiðum gerð skil í þessari skýrslu.

Tæknileg framkvæmd var skoðuð og metin og í framhaldinu voru tveir kennarar úr FSN sendir á alþjólega ráðstefnu um vandinám og vinnubúðir á Keili dagana 14.-15. apríl 2015.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Ákveðið var á málþingi samstarfsskólanna í Borgarnesi að stefna að tveggja daga ráðstefnu í haust. Hugmyndin er að leiða saman áhugasama kennara sem eru tilbúnir til samstarfs. Vonir standa til þess að einhverjar af þessum hugmyndum komist til framkvæmda ekki síðar en á vorönn 2016.

Á þessari ráðstefnu er fyrirhugað að útbúa sameiginlega starfslýsingu mentorsins, skilgreina hlutverk kennarastofunnar sem og að skrá verklagsreglur um stuðning við nemendur.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Tímabáttur verkefnisins hefur ekki staðist og var það ekki fyrir en með ráðningu verkefnastjóra í janúar 2015 að boltinn fór að rúlla. Fram að þeim tíma var verkefnið á umræðuplani á reglulegum símafundum milli skólastjórnenda samstarfsskólanna.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem komu fram samhliða eða fylgdu í kjölfar verkefnisvinnu

Með verkefninu er ljóst hvaða leiðir kennarar eru tilbúnir að prófa og hvað þeir telji að þurfi að bæta til þess að hægt sé að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Eins liggur það fyrir að stjórnendur skólanna þurfa að koma sér saman um samstarfssamning þar sem tekið yrði á verka- og kostnaðarskiptingu á milli einstakra skóla. Sjá drög að samstarfssamningi í fylgiskjali 1.

Margir skólar tengdir verkefninu hafa í framhaldinu kynnt sér vandinám enn frekar og vilja með því auka gæði fjarkennslu sem og staðkennslu. Það hefur sýnt sig að hinn félagslegi þáttur kennslunnar er mjög mikilvægur og því þarf að gefa honum sérstakan gaum þegar boðið er upp á fjarnám. Það er allra hagur að veita fjarnemum góðan stuðning og eftirfylgni og draga þar með úr brottfalli þessa hóps.

Í kjölfar málstofunnar í Borgarnesi var tekin ákvörðun um að stefna að því að búa til vettvang á netinu fyrir kennara sem vildu gefa kost á sér í þessa samvinnu. Eins var ákveðið í framhaldi málstofunnar í Borgarnesi að útfæra tvær af þeim sex mismunandi leiðum sem bornar voru undir kennarana í þessu verkefni. Annars vegar var það leiðin um fjarnám með mentor og hins vegar kennarapör.

Fjarnám með mentor fékk 100% jákvæða svörun. Skilgreining á mentor í þessu verkefni er: Kennari sem fylgist náið með og veitir nemendum aðhald í fjarnámi, vinnur náið með fjarnámskennurum og er tengiliður á milli skóla.

Við sjáum mentorana fyrir okkur í hlutastöðu hjá öllum samstarfsskólunum. Þar sem fjarmenntahóparnir væru fámennir í áföngum væri raunhæft að nemendur úr fleiri en einum áfanga sætu í eina og sama töflutímanum og hefðu stuðning og aðhald frá mentor skólans. Það væri svo útfærsluatriði hvort töflutímarnir yrðu fleiri en einn á viku. Mentornum gæti þar að auki verið falið það hlutverk að taka við skráningu fjarnámsnemenda og fylgja þeim eftir sem og að sjá um kynningu fyrir nemendum á þessu nýja námsfyrirkomulagi.

Ávinningur þessa fyrirkomulags er margþættur. Kennari með réttindi sem kennir frá skóla X sér um að kenna áfanga í formi fjarnáms sem þýðir að hann þarf ekki að ferðast á milli skólanna. Nemendum úr samstarfsskólunum býðst fjölbreyttara námsframboð, þar sem oft næst ekki í hópa milli ára og/eða réttindakennari fæst ekki til starfa. Með mentornum lyftum við fjarnáminu á annað plan, gefum félagslega þættum verðugt vægi sem ætti að leiða til betri árangurs og minna brottfalls.

Kennarapör er önnur skilgreind leið sem fékk 90% jákvæða svörun og er ekki síður spennandi kostur. Þessi leið gengur út á að kennara er boðið til samstarfs við annan kennara í Fjarmenntaskólanum við skipulagningu tveggja áfanga. Þeir kenna líkar greinar en eru samt sem áður sérfræðingar hvor á sínu sviði. Hugmyndin er að viðkomandi kennari kenni sinn áfanga í sínum heimaskóla auk áfanga samstarfsskennara síns og öfugt. Með því er undirbúningur áfangans í höndum faggreinakennarans auk þess sem kennarinn kemur sjálfur að honum. Meðan á þessu samstarfi stendur, það er a.m.k. út önnina hafa kennararnir stuðning hvor af öðrum.

Til að auðvelda öll samskipti eru hugmyndir uppi um kennarastofu á netinu eða á rauntíma ef vilji er til þess.

## **Mat á verkefni samkvæmt umsókn**

Hægt er að segja að búið sé að plægja akurinn, það er að fá kennarana til liðs við okkur. Án þeirra verður þetta aldrei framkvæmt. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn að taka höndum saman og stíga næstu skref. Fjarmenntaskólinn er frábær vettvangur til að framkvæma þessar breytingar í þágu nemenda í fámennum skólum í dreifbýli. Við stefnum á, með öflugra samstarfi, að tryggja nemendum fjölbreyttara námsframboð þar sem kennsla er í höndum réttindakennara. Auk þess viljum við í kjölfar verkefnisins mæta nemendum með námi við hæfi og á sama tíma að styrkja rekstrargrundvöll skólanna með aukinni nýtingu í námshópum.

## **Niðurstöður verkefnisins**

Til þess að tryggja nemendum fjölbreytt námsframboð við fámenna framhaldsskóla þurfa skólarnir að vinna saman og til þess að tryggja að kennslan sé í höndum réttindakennara þurfa skólarnir að samnýta kennara. Til þess að koma þessu í framkvæmd verður að útfæra dreif- og fjarnám í enn ríkara mæli en nú er, en fyrstu skrefin hafa verið tekin með með samstarfi skólanna sem mynda Fjarmenntaskólann. Nú erum við að stíga enn frekari skref þar sem skólarnir hafa allir látið í ljós einlægan vilja til þess að útfæra hugmyndir að samnýtingu kennara og þar með að tryggja að kennslan sé í höndum réttindakennara. Eins og eðli sprotaverkefna er þá er þessari vinnu ekki lokið en fyrirhugað er að halda ráðstefnu í október 2015 til þess að útfæra samstarfið. Þar sem nemendum í íslenskum framhaldsskólum er að fækka á milli ára, jafnvel allt fram til 2020, þá eykst þörfin enn frekar fyrir samstarf. Stefnt er að því að hrinda fyrstu hugmyndunum í framkvæmd á vorönn 2016. Á þeim tíma er gert ráð fyrir að gæðaviðmið kennslunnar liggi fyrir sem og samræming násmats.

Breytingar eru oft lengi að festa sig í sessi en við teljum okkur á réttri leið með þennan frábæra og jákvæða kennarahóp sem Fjarmenntaskólinn státar af.

## **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Niðurstöður kannananna sem verkefnið er byggt á var kynnt á málþingi í Borgarnesi 19. mars 2015.

Þessar niðurstöður verða birtar á heimasíðu FSN, Fjarmenntaskólans og Sprotasjóðs.

Haustið 2015 er fyrirhugað að halda málþing um Fjarmenntaskólann og framtíð hans þar sem þetta verkefni verður útfært enn frekar.

**Grundarfirði 01.06.2015**

**Jón Eggert Bragason**

**Skólameistari FSN**